



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 34/2017

Brot Celsus gegn ákvörðun Neytendastofu

I.

Málmeðferð

1.

Í bréfi Neytendastofu til Celsus ehf., dags. 29. júní 2017, kom fram að stofnuninni hefðu borist ábendingar um að í auglýsingum Evy sólarvarnar, áður Proderm, væru fullyrðingar um að sólarvörnin sé langvirk án þess að fram komi hvað átt sé við.

Í bréfinu er til þess vísað að með ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2015, *Markaðssetning Proderm sólarvarnar*, hafi stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að Celsus hafi með fullyrðingu um að Proderm sólarvörn sé langvirk brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013 sem og ákvæðum 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, sbr. 5. mgr. 33. gr. laga nr. 61/2013, var Celsus bönnuð frekari birting fullyrðingarinnar án skýringa um það hvað felist í henni.

Af ábendingunni að dæma, sem og skoðun Neytendastofu á vef Evy, evy.is, virðist Celsus birta auglýsingar um Evy sólarvörn þar sem fullyrt er að varan sé langvirk án nánari skýringa. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðunni er um að ræða Proderm sólarvörn en nafni vörunnar hafi verið breytt í Evy.

Til álita komi hvort brotið hafi verið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2015 og hvort tilefni sé til þess að gripið verði til sekta samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.

2.

Svar barst með bréfi, dags. 7. júlí 2017, þar sem fram kemur að fyrir mistök hafi félagið talið að betra væri að skrifa eingöngu „*Langvirk sólarvörn*“. Þar sem fyrri mál varðandi fullyrðingar um að virkni Proderm hafi tekið til þess að eftirfarandi staðhæfing sé leyfileg: „*Allt að 6 tíma sólarvörn*“ hefði félagið átt að láta þá skýringu fylgja með og vera meðvitað um að það sé betra fyrir neytendur að fá viðhlítandi skýringu hvað átt sé við.



Öllu auglýsingaefni verði breytt og unnið sé að því að setja inn skýringuna „*Allt að 6 tíma sólarvörn*“.

Með bréfinu fylgdu breyttar auglýsingar Celsus.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 25. júlí 2017, óskaði stofnunin upplýsinga um það hvort og þá með hvaða hætti breytingar hafi verið gerðar á vörustandi í apóteki þar sem fullyrðingin komi fram án nánari skýringa.

Neytendastofu barst tölvubréf frá Celsus þann 25. júlí 2017 þar sem gerð var grein fyrir því að í Morgunblaðinu þann dag hafi birst auglýsing án fyrirvarans. Fram kom að auglýsingin hafi verið birt að frumkvæði blaðsins og til leiðréttingar á mistökunum verði birt breytt auglýsing að nýju þann 26. júlí.

Með tölvupósti, dags. 25. júlí 2017, þakkaði Neytendastofa skýringarnar og gerði grein fyrir bréfi sem póstlagt hafi verið.

Svar Celsus barst samdægurs þar sem stofnuninni voru sendar myndir af þeim límmiðum sem bætt hafi verið á alla vörustanda og í margar auglýsingar og texta ef því hafi verið viðkomið.

Þann 4. september 2017 sendi Neytendastofa tölvubréf þar sem fram kom að stofnunin teldi breytingar fullnægjandi og að með þeim væri farið að ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2015. Í tölvubréfinu kom jafnframt fram að til álita kæmi að leggja stjórnvaldssekt á Celsus fyrir brot gegn ákvörðuninni. Við ákvörðun um fjárhæð sektar yrði tekið tillit til samstarfsvilja og viðbragða félagsins við athugasemdum Neytendastofu. Var Celsus gefinn frestur til að koma að frekari skýringum eða athugasemdum áður en ákvörðun um sekt yrði tekin.

Engar frekari athugasemdir bárust.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar brot Celsus ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2015, *Markaðssetning Proderm sólarvarnar*. Með ákvörðuninni var Celsus m.a. bönnuð birting fullyrðingar um að Proderm sólarvörn væri langvirk án nánari skýringa um hvað felist í fullyrðingunni. Um var að ræða brot gegn ákvæðum 2. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013 sem og 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í ákvörðunarorðum kom fram að yrði ekki farið að banninu mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, sbr. 5. mgr. 33. gr. laga nr. 61/2013.



Ákvörðunarorð ákvörðunar nr. 14/2015 að því er þennan hluta málsins varðaði eru svohljóðandi:

„Celsus húkrunar- og heilsuvörur ehf., hefur með fullyrðingu um að Proderm sólarvörn sé „Langvirk“ brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013 sem og ákvæðum 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 5. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013, er Celsus hjúkrunar- og heilsuvörum ehf. bönnuð birting fullyrðingarinnar án nánari [skýringa] um það hvað felst í fullyrðingunni.

[...]

Verði ekki farið að ákvörðuninni má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 5. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013.“

2.

Í máli þessu liggur fyrir að Celsus var með ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2015, bönnuð birting fullyrðingar um að Proderm sólarvörn væri langvirk án nánari skýringa um það hvað felst í fullyrðingunni. Samkvæmt ábendingu og við skoðun Neytendastofu kom í ljós að í auglýsingum fyrir Evy sólarvörn, áður Proderm, í júní 2017 voru birtar fullyrðingar um að varan væri langvirk. Þá höfðu verið settir upp vörustandar í apótekum með fullyrðingunni. Í markaðsefninu kom ekki fram hvað átt væri við með fullyrðingunni. Hefur Celsus þannig brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2015.

Í skýringum Celsus kom fram að um mistök væri að ræða sem voru leiðrétt strax með fullnægjandi hætti.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og til þess að tryggja varnaðaráhrif telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til skýringa fyrirtækisins og samstarfsvilja þess, umfangs brotsins, fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Celsus ehf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 kr. (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Celsus ehf., Ægissíðu 121, Reykjavík, braut gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 14/2015, Markaðssetning Proderm sólarvarnar, með birtingu fullyrðingar um að Evy sólarvörn væri langvirk án nánari skýringa um hvað felist í fullyrðingunni.

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Celsus ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 kr. (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkisjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 3. október 2017

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir